

Kennsluáætlun 2020 – 2021

Myndmennt: 3.bekkur

Tímabil	Efnispættir - inntak	Námsgögn	Námsmat
Vika 1	Þrykk Nemendur búa til möppu og stimpla nafnið með legokubbum í anda „Minecraft“.	Maskínupappír, legókubbar, þekjulitir.	Leiðsagnarmat. Mat tekur til vinnusemi, verklagni og sköpunarþáttar.
Vika 2	Litafræði Nemendur teikna röð af húsum. Skipta myndinni í tvennt. Mála hálfa myndina með heitum litum og hinn helminginn með köldum litum.	Blýantar, A3 blöð, teiknipennar og vatnslitir.	
Vika 3	Málun Nemendur kynnast verkum Gerðar Helgadóttur og þá sérstaklega kirkjugluggunum. Nemendur teikna sinn eigin glugga á blað og mála með perlulitum. Mála útlínur með svartri perlumálningu. Nemendur kynnast speglun.	Blýantar, A3 blöð, perlulitir og svört akrýlmálning.	
Vika 4	Haustlitir Nemendur tína laufblöð. Mála þau með litastiftum og þrykkja á svört blöð. Æfa sig að nota samhverfuás.	Laufblöð og litastifti.	
Vika 5	Leir Nemendur velja sér dýr. Læra skálaraðferðina og móta dýr sem þau festa ofan á bjöllum. Æfa sig að líma saman hluti. Glerja að lokum bjöllum.	Steinleir, leiráhöld og glerungar.	
Vika 6	Teikning Nemendur teikna ávexti eftir ljósmyndum. Vatnslita.	Ljósmyndir, blýantar, teiknipennar og vatnslitir.	

Vika 7	Þrykk Nemendur kynast Thorbjörn Egner/Dýrunum í Hálsaskógi og þá sérstaklega Grænmetisvísunni. Þau gera sitt eigið veggspjald til að hvetja til neyslu ávaxta og grænmetis! Vinna með pappírsþrykk.	Karton, blýantar, skæri, grafíklitir, grafíkpressa, A3 blöð.
Vika 8	Uppstilling og teikning Blýantsteikningar eftir uppstillingum (penslar og litir í dollum og krukum). Kynast hugtökunum <i>forgrunnur</i> og <i>bakgrunnur</i> . Skoða skugga og lita hann með blýanti.	Blýantar, kol og blek.
Vika 9	Tvívídd-þrívídd Nemendur breyta úr tvívídd í þrívídd með því að klippa blað og búa til form. Leika sér með skuggana og breyta þrívídd aftur í tvívídd með því að mála skuggana.	Pappír, skæri, lím, glæruvarpi og málning.
Vika 10	Mynstur Nemendur vinna mynstur með samhverfuási. Nota tússpenna og tússliti. Geta notað blaðið til að pakka inn bjöllum sinni.	Teiknipennar og tússlitir.